

Stjórnarfundur fundargerð 21.10.2019

Staðsetning:	Netfundur
Dagsetning:	21.10.2019
Fundar tími:	20:10
Fundi slitið:	21:10
Til staðar:	Formaður - Jónína (JMA), Vara formaður - Katla (KS), Ritari - Björn (BH) og Með stjórnandi - Rebekka (RI). Voru til staðar allan fundinn Gjaldkeri - Ingvar (II) boðaði fjarveru.

Dagskrá

- 1 Fjármál.
- 2 Staða Ólafiustofu
- 3 Staða meðlimaskrár safnaðarins
- 4 Vinna með 30 og 90 daga dagskrá
- 5 Önnur mál

Umræður

1. JMA greinir frá í fjarveru gjaldkera: Fjárhagsáætlun fyrir fermingarbörn verður lagfærð með millifærslu frá öðrum lið.
2. BH hefur verið í sambandi við Gunnar Kind AS sem mun senda á Bjerke Ventilasjon eyðublöð til útfyllingar sem þeir svo ganga endanlega frá. Átti von á þessu frágengnu sl föstudag, en þetta hefur dregst eitthvað á langinn. Vatnslekinn hefur eitthvað skaðað undirskáp og mögulega parketið á litlu svæði. Pípari kemur 22.10. til að gera við. Öryggisventill var ekki tengdur.
3. Meðlimaskráin er enn í höndum Rúnars. Í hann hefur enn ekki náðst þrátt fyrir ítrekaðar símhringingar lögfræðings. Rúnar svarar engum skilaboðum sem honum hafa verið send. Ekki hefur tekist að funda auglitis til auglitis með lögfræðingum um

framvindu mála vegna anna þeirra. Sýslumaður náði ekki til Rúnars þegar til stóð; hann var þá nýfarinn úr landi. Ekki er vitað hvaða lista Rúnar hefur notað til að senda til Fylkesmannen en hann stangast á við það sem EVRY hefur skráð. II hefur verið í samskiptum við Axel (hjá Babylon) og er nú með upplýsingar aðfluttra á þessu ári.

- 4. Þrjátíu og 90 daga dagskráin er í bígerð, KS eða RI verða í ábyrgðarstöðu.
- 5. Önnur mál.
 - Starfssamningur við Freydísi ræddur og nokkrir punktar teknir til endurskoðunar.
 - Knut Rognlien hættir senn með málið og mun annar lögfræðingur halda málinu áfram fyrir hönd safnaðanna þriggja (íslenska-sænska-finnska). Þór Garðarsson hefur verið í sambandi við Knut, en ekki er vitað hvort eða hvaða málefni hann hefur rætt um við Knut. Æskilegt að funda með hinum söfnuðunum og lögfræðingi hið fyrsta. Mögulegt að kæra ríkið fyrst og svo sveitarfélögin eftir á.
 - Ólafíuhátíð var vel heppnuð þó að færri hafi komið en vonast hafði verið til. Þó nokkur ný andlit mættu. Það söfnuðust 3896 krónur (frjáls framlög).
 - Tiltektin í Ólafíustofu er komin vel á veg. Skiptiborð komin á baðherbergið og búið er að færa bakaraofninn.

Næsti fundur áætlaður 12. nóvember

Samþykktir	Ábyrgð	Frestur	Næsta verkefni

Verkefnalisti	Ábyrgð	Frestur	Staða	Næsta verkefni
Starfssamningur við Freydísi endurskoðaður	IOI, JMA	Sem fyrst		
Reka á eftir Bjerke Ventilasjon	BH	Sem fyrst		
Ná sambandi við Hjört rafvirkja	BH	Sem fyrst		